

Persónuverndarstefna Iceland Seafood

Umsækjendur um störf

Iceland Seafood (IS/félagið) kappkostar að tryggja trúnað og öryggi persónuupplýsinga umsækjanda um starf hjá félaginu.

Þessi persónuverndarstefna á við allar persónuupplýsingar tengdar starfsumsóknnum sem berast til IS og varðar alla þá sem sækja um starf hjá félaginu. Henni er ætlað að upplýsa umsækjanda um hvaða persónuupplýsingar félagið aflar og notar í tengslum við starfsumsókn. Persónuverndarstefnan byggir á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Hvaða persónuupplýsingum er safnað ?

IS aflar, varðveitir og vinnur með persónuupplýsingar umsækjanda þegar sótt er um starf hjá félaginu. Persónuupplýsingum umsækjanda er safnað í gegnum umsóknar- og ráðningarferli. Eftirfarandi upplýsingar eru nauðsynlegar við mat á starfsumsókn:

- samskiptaupplýsingar (nafn, heimilsfang, símanúmer, netfang),
- ferilskrá,
- menntun,
- niðurstöður úr ráðningaviðtölum,
- umsagnir þriðja aðila og önnur samskipti við umsækjanda,

Þessu til viðbótar kann IS að afla, varðveita og vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- fæðingardagur,
- ljósmyndir,
- kyn,
- sakavottorð,
- heilsufarsupplýsingar,
- og aðrar upplýsingar sem hafa verið afhentar sem hluti af ráðningarferli s.s. hjúskaparstaða og fjölskylduhagir, tómsundur og áhugamál.

Hvaðan koma persónuupplýsingarnar ?

Persónuupplýsingar koma frá ráðningarstofum eða beint frá umsækjanda þegar hann sendir umsókn ásamt fylgigögnum til IS. Umsókn berst með tölvupósti eða á pappírformi.

Í hvaða tilgangi vinnur félagið með persónuupplýsingarnar?

Þær persónuupplýsingar sem IS vinnur með eru unnar í tengslum við umsókn um starf hjá félaginu. Tilgangurinn er að að meta hæfni umsækjanda í starf sem um ræðir. Persónuupplýsingar eru ekki nýttar í öðrum tilgangi en þeim sem þeirra er aflað.

IS lítur svo á að umsækjandi gefi samþykki fyrir að þær persónuupplýsingar sem hann veitir félaginu séu notaðar í ráðningarferlinu. Meðal annars er unnið með þær þannig:

- að auðkenna umsækjanda,
- að hafa samband við umsækjanda,
- að sannreyna hvort meðmæli og aðrar upplýsingar sem umsækjandi veitir séu réttar,
- að meta hvort umsækjandi sé rétti aðilinn í starfið.

Vinnsla persónuupplýsinga umsækjanda fer ekki fram í öðrum tilgangi en að meta hæfni viðkomandi og hvort hann komi til greina í starf hjá IS.

Viðtakendur persónuupplýsinga ?

Stjórnendur og yfirmenn IS þess starfs sem sótt er um hafa eingöngu aðgang að persónuupplýsingum tengdum starfsumsókn. Félagið kann að miðla persónuupplýsingum umsækjanda til þriðja aðila, s.s. umsagnaraðila, ráðningarskrifstofa í tengslum við ráðningarferlið og þjónustuaðila vegna upplýsingatækniþjónustu og hýsingu gagna. IS kann enn fremur að afhenda öðrum þriðja aðila persónuupplýsingar umsækjanda, s.s. löggæsluþingvöldum, ef félaginu ber að gera það samkvæmt lögum. IS fer fram á að þriðju aðilar virði öryggi persónuupplýsinga umsækjanda í samræmi við persónuverndarlög.

Hvernig eru persónuupplýsingarnar varðveittar ?

Persónuupplýsingar umsækjanda eru varðveittar í tölvukerfum félagsins sem eru hýst á starfsstöð félagsins og í office 365 sem er í hýsingu hjá viðurkenndum aðila. IS hefur leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til þess að vernda persónuupplýsingar umsækjanda t.d. með aðgangsstýringum. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn t.d. eyðingu og óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun. Starfsmenn IS sem koma að ráðningarferli hafa eingöngu aðgang að persónuupplýsingum tengdum starfsumsókn.

Umsókn er varðveitt til þess að hægt sé að hafa samband við umsækjanda. IS leitast við að eyða persónuupplýsingum umsækjanda 6 mánuðum eftir að umsóknarferli lauk. Í tilviki almennrar umsóknar þá leitast félagið við að eyða persónuupplýsingum umsækjanda 6 mánuðum frá þeim tíma sem umsókn barst. Verði af ráðningu mun félagið varðveita persónuupplýsingar umsóknar en fjallað er um þá vinnslu í sérstakri persónuverndarstefnu IS fyrir starfsmenn.

Réttindi skráðar einstaklinga

Umsækjandi á rétt á að fá aðgang að persónuupplýsingum sem IS hefur undir höndum og hvernig vinnslunni er hagað. Í ákveðnum tilvikum á umsækjandi rétt á að fá afrit af þeim persónuupplýsingum sem félagið vinnur um hann og upplýsingar um vinnsluna.

Umsækjandi hefur rétt á að láta leiðrétt, eyða, takmarka vinnslu persónuupplýsinga og andmæla slíkri vinnslu. Jafnframt er umsækjanda heimilt að afturkalla samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga hvenær sem er.

Við ákveðnar aðstæður getur umsækjandi farið fram á við félagið að persónuupplýsingar sem umsækjandi veitti séu sendar til þriðja aðila.

Framangreind réttindi eru þó ekki fortakslaus. Lög og reglugerðir kunna að heimila eða skylda félagið til að hafna beiðni um umrædd réttindi.

Umsækjandi er beðinn um að beina fyrirspurnum sínum um persónuverndarstefnu þessa og beiðni um nýtingu framgreindra réttinda með bréfpósti til félagsins

Iceland Seafood ehf.
Köllunarklettsvegur 2
104 Reykjavík

eða með tölvupósti á netfangið personuvernd@icelandseafood.is

Umsækjanda er einnig bent á að hann hefur rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar telji hann að IS hafi ekki virt réttindi þeirra við meðferð á persónuupplýsingum.

Endurskoðun

Félagið áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnu þessari eftir því sem þurfa þykir og mun vekja athygli á því ef efnislegar breytingar verða gerðar. Uppfærð útgáfa af þessari persónuverndarstefnu er birt á vefsíðu IS hverju sinni.

Persónuverndarstefna þessi var sett fram 23. nóvember 2020